



**FVSA**

FÉLAG VERSLUNAR -  
OG SKRIFSTOFUFÓLK  
AKUREYRI OG NÁGRENNI

# ÁRSSKÝRSLA



**2024-2025**

# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

## ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR FÉLAGSINS

AÐALFUNDUR MÁNUDAGINN 24. FEBRÚAR 2025

### DAGSKRÁ

- Kynning á niðurstöðum úr Gallup-könnun félagsins
- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
- Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
- Lagabreytingar
  - Tillögur að breytingum á lögum félagsins
  - Tillögur að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs
- Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna og tveggja til vara
- Kosning tveggja manna í kjörstjórn og tveggja til vara
- Kosning löggilts endurskoðanda félagsins
- Lýst stjórnarkjori
- Framlag í vinnudeilusjóð
- Frjárfestingarstefna FVSA 2025
- Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar Sjúkrasjóðs
- Önnur mál

#### Ársskýrsla og ársreikningar Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni 2024

Ábyrgð: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Útgefið með fyrirvara um innsláttarvillur. Allt myndefni er í eigu Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, nema annað sé tekið fram.

# FRÁ FORMANNI

## Starfssárið 2024 til 2025

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) hefur tekist á við ærin verkefni á starfsárinu. Á síðasta aðalfundi stóðu yfir samningaviðræður um þá kjarasamninga sem félagið hefur aðkomu að fyrir hönd síns félagsfólks. Viðræðum lauk í mars með samþykki á samningunum og eru þeim gerð skil í þessari skýrslu.

Nú ári eftir undirritun samninga er fyrst merkjanleg lækking á verðbólgu en enn er langt í land með að ná þeim markmiðum sem vonir stóðu til um. Samhliða hefur verð á matvöru og þjónustu hækkað, þvert á aðvaranir verkalýðshreyfingarinnar.

Niðurstöður skoðanakönnunar, sem Gallup framkvæmdi fyrir hönd félagsins í lok árs, leiða í ljós að fjórðungur félagsfólks hefur áhyggjur af fjárhagslegri stöðu sinni. Tæplega 10% lántakenda hafa átt í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum og ríflega 15% hafa alltaf eða oft átt erfitt með að ná endum saman sl. sex mánuði. Félagsfólk sem er með húsnæðislán hefur í einhverju mæli lækkað greiðslubyrðni með því að endurfjármagna yfir í verðtryggt lán og alltof mörg sleppa eða fresta kostnaði við lækniþjónustu og/eða heilsueflandi úrræði vegna fjárhagsvanda, sem er sannarlega áhyggjuefni.

Kauptaxtaauki kjarasamninga kemur til skoðunar núna í mars 2025. Tíminn leiðir í ljós hvort forsenduákvæði í kjarasamningunum er snúa að verðbólgu markmiðum standist, en ákvörðun þar um verður tekin af launa- og forsendunefnd í september á þessu ári. Ljóst er að launafólk stendur ekki endalast undir þeim kvöðum sem verðbólgan setur á heimilisbókhalðið.

Ánægja félagsfólks með þjónustu FVSA heldur áfram að aukast milli kannana, sem er sannarlega fagnaðarefni. Starfsfólk kappkostar við að veita góða þjónustu sama hvort um sé að ræða afgreiðslu á styrkjum, sjúkradagpeningum, leigu á orlofshúsum, fræðslu í skólum, ráðgjöf eða aðstoð varðandi kjaramál og innheimtu á ógreiddum launum félagsfólks.

Farið var í fjölda viðhaldsverkefna í orlofshúsum félagsins á árinu. Fyrirferðamestar voru endurbætur á húsum nr. 2 og 12 á Illugastöðum sem lauk um páskana og þykja vel heppnaðar.

Við lítum svo á að ávallt sé tækifæri til að gera betur í starfsemi félagsins og tökum nú sem áður við ábendingum um hvað megi betur fara.

Trúnaðarráð, trúnaðarmenn og starfsfólk tóku þátt í að leysa fjölmörg verkefni á starfsárinu sem verður farið nánar yfir hér í skýrslu stjórnar.

Ég færi öllu þessu góða fólki mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

**F.h. stjórnar FVSA.**

**Eiður Stefánsson, formaður FVSA.**





## EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA FVSA .....	6
STJÓRNIR OG NEFNDIR .....	7
ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR .....	8
ÞJÓNUSTA .....	14
TRÚNAÐARMENN .....	14
KJARASAMNINGAR .....	16
GALLUP KÖNNUN FVSA .....	18
ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL .....	22
SJÚKRASJÓÐUR .....	24
STARFSMENNTASJÓÐUR .....	25
FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ .....	25
ÖNNUR VERKEFNI .....	26
MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL .....	29
ÁRSREIKNINGUR 2024 .....	32

## FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

Þjónustuvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) nær yfir Akureyrarbæ, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepp.

Félagið er aðili að Alpýðusambandi Norðurlands (AN), Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og Alpýðusambandi Íslands (ASÍ).

Félagsmenn eru samtals 2.418, þar af eru 419 lífeyrisþegar. Konur eru 60% af félagsfólki.



**FVSA**

FÉLAG VERSLUNAR -  
OG SKRIFSTOFUFÓLKS  
AKUREYRI OG NÁGRENNI



Alpýðusamband Íslands



ALPÝÐUSAMBAND  
NORÐURLANDS

### Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoð	700.000 kr.
Sútur Björgunarsveit	100.000 kr.
Aðrir styrkir	25.000 kr.

**LÍV** Landssamband  
Íslenskra  
verzlunarmanna



#### Aðal- og varamenn í stjórn FVSA 2024-2025

Efri röð frá vinstri: Stefán Jónsson, Eiður Stefánsson, Jón Grétar Rögnvaldsson og Halldór Óli Kjartansson.  
Neðri röð frá vinstri: Agnes Reykdal, Claudia Lobindzus, Hulda Björnsdóttir og Bryndís Björk Barkardóttir.

## STJÓRNIR OG NEFNDIR

### STJÓRN FVSA

Eiður Stefánsson - Formaður  
Hulda Björnsdóttir - Varaformaður  
Claudia Lobindzus - Ritari  
Halldór Óli Kjartansson - Gjaldkeri  
Agnes Reykdal - Meðstjórnandi

### VARAMENN

Bryndís Björk Barkardóttir  
Jón Grétar Rögnvaldsson  
Stefán Jónsson

### STJÓRN SJÚKRASJÓÐS

Eiður Stefánsson  
Hilda Dröfn Eichmann  
Katrín Guðrún Pálsdóttir  
Margrét Brynjólfssdóttir  
Svanfríður Sigurðardóttir

### VARAMENN

Jón Haraldur Lárusson  
Logi Birgisson  
Stefanía Árdís Árnadóttir

### FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN

Einar Hjartarson  
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

### TIL VARA

Steinunn Hulda Marteinsdóttir  
Sirrý Laxdal

### KJÖRSTJÓRN

Helga Eymundsdóttir  
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

### TIL VARA

Eydís Bjarnadóttir  
Jónas Þór Sveinsson

### UPPSTILLINGARNEFND

Anna Hafdís Jóhannesdóttir  
Claudia Lobindzus  
Hulda Björnsdóttir

### TRÚNAÐARRÁÐ

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Trúnaðarmenn kjósa auk þess árlega úr sínum hópi átta félagsmenn og fjóra til vara.

### Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík  
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS  
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira  
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur  
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti  
Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil  
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi  
Örn Viðar Birgisson - Byko

### TIL VARA

Eva Hrönn Arnadóttir - Sportver  
Anna Kristín Árnadóttir - Kjarnafæði Norðlenska hf.  
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur  
Gunnar Hafsteinn Kristjánsson - Húsasmiðjan

### Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Helga Eymundsdóttir - Blikkrás  
Kristín Hilmarsdóttir - Stapi  
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís, Tryggvabraut  
Ragnar Már Heinesen - Advania  
Signý Sigurðardóttir - Álnabær

### TIL VARA

H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi  
Hjálmar Pálsson - Hnýfill ehf.  
Guðrún J. Þorbjarnardóttir - Byko  
Amanda Liv Zachariassen - Jysk  
Silja Dögg Birgisdóttir - Elko

### FULLTRÚAR FRÁ FÉLAGINU Í STJÓRNUM

Eiður Stefánsson: Stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ og stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.  
Eiður tók einnig við sem formaður LÍV í desember.  
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson: Í stjórn orlofsbyggð-arinnar á Illugastöðum.  
Halldór Óli Kjartansson: Varamaður í stjórn Símeý.  
Eydís Bjarnadóttir: Í stjórn Fjölsmiðjunnar.  
Hulda Björnsdóttir: Varamaður í stjórn LÍV.  
María Rut Dýrfjörð: Fulltrúi LÍV í jafnréttisnefnd ASÍ.  
Stefán Jónsson: Fulltrúi LÍV í efnahags- og skattanefnd ASÍ.

# ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

## FUNDIR STJÓRNAR

Alls voru haldnir ellefu fundir í stjórn FVSA, fundargerðir eru á vef félagsins.

## FUNDIR SJÚKRASJÓÐS

Alls hélt stjórn Sjúkrasjóðs FVSA þrjá fundi á árinu.

## FUNDIR TRÚNAÐARRÁÐS

Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA, fundargerðir eru á vef félagsins.

## AÐALFUNDUR FVSA 2024

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var haldinn mánudaginn 26. febrúar í sal Lionsklúbbsins Hængs í Alpýðuhúsinu. Fundarsókn var með ágætum, en alls mættu 40 manns. Fundarstjóri var Halldór Óli Kjartansson.

Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, kynnti ársskýrslu félagsins. Hann tók fram hve ánægjulegt það hafi verið að sjá ný andlit og gamalreynd leggja sig fram í störfum innan hreyfingarinnar á starfsárinu. Framkvæmdum og viðhaldi orlofshúsa voru gerð góð skil, enda umfangsmikið verkefni á árinu. Eiður benti á að mikill metnaður sé hjá stjórn og trúnaðarráði að halda vel við bústöðum og íbúðum félagsins, enda hefur mælst mikil ánægja með orlofshúsin meðal félagsfólks.

Árskýrslu stjórnar og ársreikning félagsins má nálgast rafrænt á vef félagsins.

Því næst tóku við hefðbundin aðalfundarstörf. Hermann Brynjarsson, frá Enor, kynnti ársreikning félagsins sem var borinn upp til samþykktar ásamt ársskýrslu og voru hvoru tveggja samþykkt einróma. Claudia Lobindzus kynnti kosningar og Agnes Reykdal lýsti stjórnarkjöri. Aðrir dagskrárliðir voru í höndum fundarstjóra.

Í dagskrárlok óskaði formaður eftir orðinu og kynnti til leiks tvo félagsmenn; Guðmund Lárus Helgason og Júlíu Gunnlaugsdóttur Poulsen, en þau hafa gegnt trúnaðarstörfum fyrir félagið í meira en 10 ár og láta nú af störfum sínum. Bæði hafa þau verið trúnaðarmenn og setið í trúnaðarráði, en Guðmundur hefur auk þess setið í stjórn Sjúkrasjóðs og verið skoðunarmaður reikninga hjá félaginu. Eiður þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Formaður sleit fundinum og lauk máli sínu á að þakka félagsfólki, stjórn, trúnaðarráði, trúnaðarmönnum og starfsfólki fyrir samstarfið á árinu.

## ÁRSFUNDUR STAPA

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn fimmtudaginn 2. maí í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fulltrúar frá FVSA voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Hallgrímur Heimir G Jónasson, Guðrún J Þorbjarnardóttir og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.

Auk þess voru haldnir tveir fulltrúaráðsfundir hjá Stapa.



Fundarsókn var með ágætum á aðalfundi félagsins.





Guðmundur Lárus Helgason tekur á móti þakklætisvotti frá Huldu Björnsdóttur, varaformanni FVSA (t.v.) og Eið Stefánssyni (t.h.) fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.



Halldór Óli Kjartansson var fundarstjóri aðalfundar.



Claudia Lobindzus kynnti kosningar á aðalfundi.



### 38. ÞING ALPÝÐUSAMBANDS NORÐURLANDS

38. þing Alþýðusambands Norðurlands (AN) var haldið á Illugastöðum dagana 3. og 4. október. Starfssvæði AN nær yfir Norðurland. Hlutverk þess er að vinna að alhliða hagsmunum aðildarfélaga og félagsmanna þeirra. FVSA er eitt af ellefu aðildarfélögum AN og átti ellefu þingfulltrúa á þinginu, en í heild sóttu 82 fulltrúar viðburðinn.

#### HEILBRIGÐISMÁL OG STAÐA KVENNAATHVARFSINS Á AKUREYRI

Á þinginu var samhljóða samþykkt ályktun um heilbrigðismál þar sem gerð er krafa á hendur stjórnvöldum að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn, óháð búsetu, aldri og efnahag.

Einnig var samþykkt samhljóða að færa Kvennaathvarfinu á Akureyri 500.000 kr. til starfseminnar og voru sveitarfélögin á Norðurlandi eystra um leið hvött til að tryggja samtökunum öruggt húsnæði sem mætir þörfum þeirra.

#### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskrá þingsins var fjölbreytt og samanstóð m.a. af fróðlegum gestaerindum auk hefðbundinna þingstarfa. Ósk Helgadóttir, frá Framsýn, var kjörin nýr formaður AN til næstu tveggja ára.

### 46. ÞING ALPÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS

Dagana 16.-18. október var 46. þing Alþýðusambands Íslands (ASÍ) haldið í Reykjavík. Alls sátu um þriðjundruð þingfulltrúar þingið fyrir hönd aðildarfélaga ASÍ, þar af fimm fyrir hönd Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.

#### OPINN ÞINGDAGUR

Þingið hófst á opnum degi þar sem þingfulltrúar og aðrir gestir hlýddu á fyrirlestra, erindi og pallborðsumræður um þau málefni sem voru til umfjöllunar síðar á þinginu. Þessi hluti þingsins var opinn almenningi, en einnig var hægt að fylgjast með dagskránni í streymi á vef ASÍ. Til máls tóku fjöldi innlendra sem erlendra einstaklinga með góða innsýn í hvert málefni:

- Auðlindir í þágu þjóðar – varðstaða um sameignir þjóðarinnar
- Þjónusta í þágu almennings – krafa um bætt aðgengi – horfið frá einkavæðingu
- Samkeppni í þágu samfélags – sporna gegn fákeppni og einokun

Opinni dagskrá lauk um kaffileytið og við tóku hefðbundin þingstörf.



Þingfulltrúar FVSA á þingi AN frá vinstri: Gunnar Hafsteinn Kristjánsson, Eydís Bjarnadóttir, María Rut Dúrfjörð, Stefanía Árdís Árnadóttir, Gestur Gunnar Björnsson, Helga Guðrún Pálsdóttir, Stefán Jónsson, Claudia Lobindzus, Jón Grétar Rögnvaldsson, Halldóra Konráðsdóttir og Eiður Stefánsson, formaður FVSA.



## ÞINGSTÖRF

Á öðrum degi fóru fram umræður í hópum um málefni þingsins sem byggði að hluta á samtali sem hafði átt sér stað meðal aðildarfélaga ASÍ á umræðufundum um allt land um vorið og haustið.

Föstudagurinn hófst á afgreiðslu tillagna fram að hádegishléi. Eftir hádegi fóru fram kosningar, en forysta sambandsins var sjálfkjörin; Finnbjörn A. Hermannsson var kjörinn forseti ASÍ. Fyrsti varaforseti var kjörinn Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV og VR, annar varaforseti var kjörin Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls, og þriðji varaforseti var kjörin Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Samþykktar ályktanir frá þinginu má nálgast á þingvef ASÍ.



Þingfulltrúar FVSA á þingi ASÍ f.v.: Stefán Jónsson, Gestur Gunnar Björnsson, Hulda Björnsdóttir, Agnes Reykdal og Eiður Stefánsson.



Svipmyndir frá 46. þingi ASÍ, fengnar af vef Alþýðusambands Íslands [www.vinnan.is](http://www.vinnan.is)



## 10. ÞING ASÍ-UNG

Tíunda þing ASÍ-UNG, hreyfingar ungs fólks innan Alþýðusambands Íslands, var haldið 7. nóvember á Stracta Hótel, Hellu. Yfirskrift þingsins var *Leið ungliða til áhrifa* og tók dagskrá þingsins mið af því auk hefðbundinna þingstarfa.

FVSA átti tvo skráða fulltrúa á þingið; Gunnar Hafstein Kristjánsson og Amöndu Liv Zachariassen, trúnaðarmenn í Húsasmiðjunni og Jysk, en þau forfölluðust vegna veðurs.

## KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ

*Ryðjum hindrunum úr vegi - kvenfrelsi og stéttarbarátta* var yfirskrift kvennaráðstefnu ASÍ sem haldin var á Akureyri dagana 14.-15. nóvember. Kvennaráðstefnan er mikilvægur vettvangur fyrir konur í verkalýðshreyfingunni til að hittast, skiptast á reynslusögum og þétta raðirnar. FVSA átti ellefu fulltrúa á ráðstefnunni.

Yfir hundrað konur úr hreyfingunni voru skráðar, sem er metþátttaka, en sökum veðurs urðu töluverð afföll í mætingu. Veðursins vegna þurfti einnig að endurskipuleggja dagskrá ráðstefnunnar og leystu




skipuleggjendur það verkefni vel úr hendi þannig að gestir gátu valið um nokkrar málstofur yfir fyrri daginn. Seinni daginn var hópefli, samantektir úr málstofum dregnar saman í orðsendingu til miðstjórnar ASÍ og tillögur að kröfum vegna Kvennaárs 2025 ritaðar.

## KVENNAÁR 2025

ASÍ er í hópi aðstandenda Kvennaárs 2025 ásamt 35 öðrum samtökum á landsvísu. Tílefnið er að 50 ár eru liðin frá kvennaári Sameinuðu þjóðanna og frægu kvennaverkfalli á Íslandi þann 24. október. Markmiðið er að krefjast endaloka kynbundins misréttis og ofbeldis, og vekja athygli á kynbundnum launamun sem enn er viðvarandi.



Fulltrúar FVSA á Kvennaráðstefnu ASÍ. Frá vinstri; Margrét Brynjólfsdóttir, Halldóra Konráðsdóttir, Hilda Eichmann, Guðrún J. Þorbjarnardóttir, Eydís Bjarnadóttir, Stefanía Árdís Árnadóttir, Katrín K. Briem, Sírjú Laxdal, María Rut Dýrfjörð og Helga Guðrún Pálsdóttir. Á myndina vantar Helenu Ástu Magneudóttur.



Róbert Farestveit ávarpar félagsfund í mars 2024.

## FÉLAGSFUNDUR

Mánudaginn 18. mars var haldinn félagsfundur í sal Rauða Krossins á Akureyri, en einnig var boðið upp á fylgjast með fundinum í streymi.

Á fundinum kynnti formaður FVSA, Eiður Stefánsson, kjarasamning Landssambands Íslenzkra verzlunarmanna við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda. Þá var farið yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu og tekið við fyrirspurnum.

Gestur fundarins var Róbert Farestveit, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, sem fór yfir aðkomu stjórnvalda að samningnum, kaup-taxta- og framleiðniauka, tilfærslukerfi stjórnvalda og forsenduákvæði. Góð mæting var á fundinn.

## VINNUFUNDUR LÍV

Starfsfólk aðildarfélag Landssambands Íslenzkra verzlunarmanna kom saman á vinnufundi á Húsavík dagana 14.-15. maí. Á fundinum var farið yfir helstu breytingar á kjarasamningnum, farið yfir algengar fyrirspurnir og stillt saman strengi.

## VINNUFUNDIR ASÍ

Alþýðusamband Íslands fór hringferð um landið og bauð þeim sem gegna trúnaðarstörfum hjá aðildarfélögum sambandsins til samtals um þau viðfangsefni lágu fyrir þingi Alþýðusambandsins seinna um haustið.

Á Akureyri var boðað til tveggja funda, þann 13. maí og 5. september, voru báðir fundir vel sóttir. Þingfulltrúar voru sérstaklega hvattir til þátttöku.

Viðfangsefni undirbúningsfundana voru:

- Auðlindir í þágu þjóðar – varðstaða um sameignir þjóðarinnar
- Þjónusta í þágu almennings - krafa um bætt aðgengi - horfið frá einkavæðingu
- Samkeppni í þágu samfélags – sporna gegn fákeppni og einokun

Á fyrri fundinum fóru fram umræður og borðavinna um viðfangsefnin, afraksturinn varð inntak að ályktunum og greinagerðum sem miðsjón ASÍ samþykkti og sendi út til félaganna í júní.

Á seinni fundinum voru tillögur miðstjórnar að ályktunum ræddar og tillögur að framkvæmdum og aðgerðum af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna forgangsraðað.



Frá seinni vinnufundi Alþýðusambands Íslands, Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, ávarpar fundagesti.



## ÞJÓNUSTA

### OPNUNARTÍMI

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 08:00-16:00 og föstudaga frá 08:00-13:00. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

### MANNAUÐUR

Starfsmenn félagsins eru fimm;

Eiður Stefánsson, formaður  
Eydís Bjarnadóttir, kjaramálafulltrúi  
Helgi S. Jóhannsson, afgreiðsla og  
fasteignaumsjón  
María Rut Dýrfjörð, markaðs- og vefmál  
Stefanía Árdís Árnadóttir, bókhald

### KJARAMÁLASVIÐ

Á þriðja hundrað fyrirspurnir bárust kjaramálasviði á síðasta ári, þar af komu yfir sjötíu félagmenn á skrifstofu félagsins og fengu aðstoð vegna kjaramála.

Yfir 200 tölvupóstar og símtöl bárust frá félagsmönnum og atvinnurekendum varðandi kjaramál.

FVSA innheimti tæpar 7 milljónir króna fyrir hönd tíu félagsmanna vegna vangreiddra launa. Þar af voru sjö mál leyst með samkomulagi starfsmanna kjarasviðs FVSA við atvinnurekendur. Þrjú mál fóru í innheimtu hjá lögfræðingi.



Frá fyrsta morgunfundi trúnaðarmanna.

## TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn gegna veigamiklu hlutverki í starfsemi félagsins og eru mikilvægur hlekkur milli félagsmanna og félagsins. Hlutverk þeirra er að gæta þess að kjarasamningar séu virtir og að ekki sé gengið á félagslegan og borgaralegan rétt starfsmanna.

### TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Félagið býður trúnaðarmönnum að sækja trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskóla alþýðu. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin, að þeir efli sjálfstraust sitt og lífsleikni.

Stöðugt er leitað leiða til þess að gera dagskrárliði námsskrár trúnaðarmanna aðgengilegri. Um áramót var gerð sú breyting að námskeið í fjarnámi urðu aðgengileg öllum félögum á landsvísu samtímis, en þau voru áður svæðisbundin og/eða bundin við stök félög. Þá var námskeiðum í fjarnámi fjölgað þannig að trúnaðarmenn geta nú valið milli tveggja tímasetninga fyrir flest námskeið.

### MORGUNFUNDIR TRÚNAÐARMANNA

Á haustmánuðum samþykkti stjórn FVSA tillögu um að boða trúnaðarmenn á reglulega morgunfundi hjá félaginu. Markmið fundana er að efla tengsl við trúnaðarmenn félagsins, veita þeim ýtarlegri innsýn inn í störf félagsins og hreyfingarinnar í heild, og gefa þeim kost á að vera í nánari samskiptum við starfsfólk félagsins og aðra trúnaðarmenn.

Fyrsti morgunfundur var haldinn þriðjudaginn 10. desember og mættu 13 trúnaðarmenn. Á fundinum var farið yfir réttindi starfsfólks í desember og starfsemi gulra stéttarféлага. Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, ávarpaði fundargesti í gegnum fjarfund. Hann kynnti starfsemi Alþýðusambands Íslands og reifaði mál Starfsgreinasambandsins og Eflingar gegn SVEIT í tengslum við Virðingu sem samkvæmt skilgreiningu er gult stéttarfélag.

Stefnt er að því að halda 3-4 morgunfundi á hverju ári, bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, samtöl og fá jafnvel góða gesti í heimsókn eftir því hvað ber efst á baugi innan hreyfingarinnar og í þjóðfélaginu hverju sinni.





Frá starfsdegi trúnaðarmanna á Illugastöðum í maí.

## STARFSDAGUR TRÚNAÐARMANNA

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn á Illugastöðum þann 23. maí þar sem trúnaðarmönnum og þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið var boðið á fræðsludag.

Dagskráin hófst á fyrirlestri frá Ásdísi Hjálmsdóttur, fyrrum spjótkastara, þar sem hún deildi reynslu sinni og þeim aðferðum sem hún nýtti sér til þess að ná framúrskarandi árangri í sinni íþrótt samhliða námi. Ásdís fór yfir mikilvægi rétts hugarfars, góðrar heilsu og hvernig hægt er að setja sér markmið og ná þeim.

Eftir stutt hlé tók við erindi Þórhalls Guðmundssonar, sjúkráþjálfara um líkamsbeitingu og vinnuvistfræði. Þórhallur benti á þær gryfjur sem skrifstofu- og verslunarfólk getur fallið í þegar það sinnir vinnu og hvaða áhrif röng líkamsbeiting getur haft. Einnig fór hann yfir gagnleg bjargráð sem nýtast fólki í leik og starfi.

Í lok dagskrár fór formaður félagsins yfir helstu atriði nýs kjarasamnings og önnur praktísk atriði.

## TRÚNAÐARMENN KJÓSA Í TRÚNAÐARRÁÐ

Trúnaðarmenn kusu sína fulltrúa í trúnaðarráð á trúnaðarráðsfundum í lok nóvember, átta aðalmenn og fjóra til vara.

### AÐALMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2025-2026

Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leiru  
 Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur  
 Gunnar Hafsteinn Kristjánsson - Húsasmiðjan  
 Lára Pálína Jónsdóttir - Olís við Tryggvabraut  
 Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur  
 Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil  
 Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi  
 Örn Viðar Birgisson - BYKO

### VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2025-2026

Anna Kristín Árnadóttir - Kjarnafæði Norðlenska hf.  
 Ástrún Jóhanna Sigurðardóttir - Nettó Glerártorgi  
 Katrín K. Briem - Icelandair  
 Hafþór Orri Finsson - Bónus Norðurtorgi

# KJARASAMNINGAR

Aðalkjarasamningar FVSA runnu út þann 31. janúar 2024. Sá samningur var framlenging á svokölluðum lífskjarasamning þar sem viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila var frestað. Samningnum fylgdi jafnframt viðræðuáætlun þar sem aðrar kröfur voru skilgreindar og gengið frá fundaaætlun um hvert verkefni með það að markmiði að þau yrðu frágengin við samningslok.

## GENGIÐ AÐ SAMNINGSBORDINU

Breiðfylking stærstu stéttarféлага og landssambanda á almennum vinnumarkaði gengu sameinuð til viðræðna við Samtök atvinnulífsins (SA) þann 28. desember 2023.

Á fundi þann dag kynnti breiðfylkingin tillögur sínar um launahækkunir í þriggja ára kjarasamningi með ítarlegum útfærslum og rökstuðningi. Tillögurnar voru hófsamar og byggðar á fyrrgreindum Lífskjarasamning frá 2019. Vilji til að ná langtímasamning var af hálfu beggja aðila með það að markmiði að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika í efnahagslífinu.

Viðræður þokuðust hægt milli aðila og þann 25. janúar var komið að krossgötum eftir að SA lagði fram tilboð um lægri launahækkunir en í áður framlögðu tilboði af þeirra hálfu frá 17. janúar. Slík framgangsla í kjaraviðræðum er fáheyrd og því tók breiðfylkingin ákvörðun um að vísa kjaradeilunni formlega til ríkissáttasemjara. Yfirlýst andstaða SA við forsenduákvæðum í löngum samningi varð til þess að þann 9. febrúar 2024 lýsti breiðfylkingin yfir árangursleysi viðræðna.

Þann 23. febrúar 2024 sögðu Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og VR sig frá samstarfi breiðfylkingarinnar m.a. vegna ágreinings um grundvöll forsenduákvæða sem snéru að vörnum fyrir launafólk í langtímasamningi og möguleika til endurskoðunar.

LÍV og VR stóðu þarna utan þeirra viðræðna sem fóru fram í Karphúsinu og settu á fót nýja viðræðunefnd. Í henni áttu sæti Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Björk Grétarsdóttir og Þórir Hilmarsson fyrir hönd VR og Eiður Stefánsson fyrir hönd LÍV.

## LÍV OG VR UNDIRRITA SAMNING VIÐ SA

Aðfaranótt 14. mars undirrituðu samninganefnd LÍV og VR kjarasamning til fjögurra ára við Samtök atvinnulífsins. Var það mat samninganefndarinnar að niðurstaðan hafi verið ásættanleg miðað við þann ramma sem var búið að sníða í samningum við önnur stéttarfélög og landssambönd.

## ÁVINNINGUR

Meðal atriða sem áunnust voru áfangasigrar í átt að 30 daga orlofsrétti, vinnustaðaskírteini fyrir verðslanir sem auðvelda eftirlit með mögulegum réttindabrotum og jákvæðar breytingar í starfsmenntamállum. Sérstakur kafli um fjarvinnu er nú hluti af samningnum sem tryggir réttindi starfsfólks sem vinnur fjarvinnu.

Launaliður samningsins er byggður upp með sambærilegum hætti og lífskjarasamningurinn, með 23.750 kr. hækkun að lágmarki á ári hverju, hækkunum á taxtalaun og prósentuhækkun fyrir efri millitekjuhópa. Þá var einnig samið um framleiðni- og kauptaxtaauka.

- 1. febrúar 2024 hækka laun um 3,25% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- 1. janúar 2025 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- 1. janúar 2026 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- 1. janúar 2027 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka jafnframt samhliða almennum launahækkunum með samsvarendi hætti.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí - 30 apríl) miðað við fullt starf er:

- 2027 - 64.000 kr.
- 2026 - 62.000 kr.
- 2025 - 60.000 kr.
- 2024 - 58.000 kr.





Samningur LÍV og VR við Samtök atvinnulífsins undirritaður í Karphúsinu. Mynd fengin af vef Ríkisútvarpsins.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- 2027 - 118.000 kr.
- 2026 - 114.000 kr.
- 2025 - 110.000 kr.
- 2024 - 106.000 kr.

Nánari upplýsingar um kjarasamninginn má finna á vef félagsins [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is) undir *Kaup og kjör*.

#### HLUTI STJÓRNVALDA

Boðaðar aðgerðir stjórnvalda þóttu líklegar til að bæta hag launafólks, sérstaklega barnafólks, auk þess sem markmið um að ná niður verðbólgu og vöxtum til lengri tíma þóttu hafa jákvæð áhrif fyrir flest vinnandi fólk. Samninganefnd áréttaði að ábyrgð á verðstöðugleika og verðbólgu myndi hvíla alfarið á herðum atvinnurekenda og stjórnvalda; að halda verðlagi niðri og koma í veg fyrir hækkandi verðbólgu.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM KJARASAMNINGA

##### KJARASAMNINGUR LÍV/FVSA VIÐ SA

Rafrænni atkvæðagreiðslu um kjarasamning LÍV/FVSA við SA lauk á hádegi þann 21. mars. Samningurinn var samþykktur með 90,13% greiddar atkvæða. Alls voru 2.127 á kjörskrá FVSA, þar af nýttu 375 atkvæðisrétt sinn og kjörsókn því 17,63%.

##### SÉRKJARASAMNINGUR BENSÍNAFGREIÐSLUFÓLK

Samningur um kaup og kjör starfsmanna við afgreiðslu- og þjónustustörf á bensínafgreiðslu-stöðvum er hluti af aðalkjarasamningi LÍV/FVSA við SA var samþykktur samhliða aðalkjarasamning.

##### KJARASAMNINGUR LÍV/FVSA VIÐ FA

Skrifað var undir kjarasamning við Félag atvinnurekenda þann 14. mars. Samningurinn er samþæflegur þeim samning sem gerður var við SA. Rafrænni atkvæðagreiðslu um samninginn lauk þann 21. mars og var hann samþykktur með 93,75% greiddra atkvæða. Alls voru 55 félagsmenn FVSA á kjörskrá um þennan samning, alls nýttu 16 atkvæðisrétt sinn og var kjörsókn því 29,09%.

##### SÉRKJARASAMNINGUR VIÐ INNANLANDSFLUG ICELANDAIR

Atkvæðagreiðsla um nýjan sérkjarasamning LÍV/FVSA við SA fyrir hönd innanlandsflugs Icelandair lauk á hádegi þann 16. apríl. Samningurinn var samþykktur með 71,43% greiddra atkvæða. Alls voru 51 félagsmaður FVSA á kjörskrá, þar af nýttu 21 atkvæðisrétt sinn eða 41,18%.

## GALLUP KÖNNUN FVSA

Dagana 18. nóvember til 17. desember gafst félagsfólki tækifæri til þess að taka þátt í skoðanakönnun á vegum félagsins. Niðurstöður verða kynntar á aðalfundi félagsins þann 24. febrúar 2025 og á vef félagsins.


### FRAMKVÆMD

Könnunin var send á það félagsfólk sem er með netfang sitt skráð á félagavef FVSA, annað félagsfólk gat óskað eftir þátttöku sérstaklega. Heildarúrtak var 1.545 einstaklingar, fjöldi svarenda var 677, eða 43,8%. Sambærilegar kannanir voru gerðar árin 2022 og 2018, en þá var svarhlutfall 42,1% og 58%.

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

#### ÞJÓNUSTA


Það mælist marktækt hærri ánægja meðal félagsfólks með þjónustu FVSA milli kannana. Alls sögðust 87,6% félagsfólks frekar eða mjög ánægt með þjónustu félagsins samanborið við 84% í síðustu könnun frá 2022. Sömuleiðis fyndist 87,2% félagsfólks frekar eða mjög auðvelt að leita upplýsinga eða stuðnings frá félaginu ef á þyrfti að halda.



Samtals hafa 25,1% félagsmanna áhyggjur af fjárhagslegri stöðu sinni, þar af hafa 4,6% mjög miklar áhyggjur.

### STARF OG LAUNAKJÖR

Af þeim sem svöruðu könnuninni voru 441 eða 66,5% í fullu starfi og 179 eða 27% í hlutastarfi. Af öllum starfandi voru 36,6% í afgreiðslustarfi eða öðru þjónustustarfi, 32,6% í skrifstofustarfi, 18% í stjórnendastarfi og 12,8% í sérfræðistarfi sem krefst háskólamenntunar. Meðaltal heildarlauna svarenda var 815.000 kr. fyrir skatt. Laun eftir svarhlutfalli má sjá í meðfylgjandi súluriti:



### HÚSNÆÐI OG FJÁRHAGUR

Spurt var um áhyggjur af fjárhagslegri stöðu og reyndust 25,1% svarenda hafa miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, 47,5% hafa litlar eða engar áhyggjur og 27,4% svöruðu hvorki né.

9,4% þeirra sem hafa greitt afborganir af lánum hafa átt í erfðileikum með að standa skil á afborgunum af einhverjum af lánum sínum. Þar af hafa 44,7% átt erfitt með að greiða af yfirdráttarlánum og 34% af húsnæðislánum.

Alls greiða 62% svarenda af húsnæðislánum eða 420 manns. Þar af hafa 15,5%, eða 64 manns, endurfjármagnað húsnæðislán á síðustu 12 mánuðum. Ríflega helmingur þeirra, eða 35 manns fóru úr óverðtryggðu láni í verðtryggt.

Kannað var hvort fjárhagur hefði áhrif á lífsgæði og heilsu. 19,8% svarenda höfðu frestað eða hætt við að fara til tannlæknis af fjárhagsástæðum á



## ERT ÞÚ BÚINN AÐ SVARA GALLUP KÖNNUN FÉLAGSINS?

ALLIR SEM TAKA ÞÁTT FARA Í HAPDRÆTTISPOTT  
VEGLEIGIR VINNINGAR DREGNIR ÚT!

Félagsfólk var minnt á þátttöku í Gallup könnun með ýmsum hætti, m.a. með prent-, vef- og samfélagsmiðlaauglýsingum þátttökuverðlaun voru dregin út úr innsendum svörum.

árinu. 9,2% höfðu frestað eða hætt við að fara til læknis og 7,4% frestað eða hætt við að kaupa lyf af fjárhagsástæðum. Þá höfðu 18,3% minnkað eða hætt þátttöku sinni og/eða barnana sinna í heilsueflingu, s.s. líkamsrækt, sjúkrahjálfun, tómstundum eða sálfræðiþjónustu af fjárhagsástæðum.


Spurt var hvort það hefði komið fyrir að svarendur hefðu átt í erfiðleikum með að ná endum saman á sl. 6 mánuðum. Alls sögðust 16,3% hafa alltaf eða oft átt í erfiðleikum með að ná endum saman, 10,1% svöruðu hvorki né og 73,6% svöruðu aldrei/sjaldan.

Alls búa 75,3% svarenda í eigin húsnæði, 17,9% í leiguhúsnæði og 6,6% í foreldrahúsum eða fríu húsnæði. Af þeim sem leigja telja 62,3% sig búa við húsnæðisöryggi, 19,8% hvorki né og 17,9% sögðust telja sig geta misst húsnæðið fyrirvaralítið.

Af þeim sem búa í eigin húsnæði sögðu 85% húsnæðiskostnað hafa hækkað, 10,9% sögðu hann hafa hvorki hækkað né lækkað og 4,1% sögðu hann hafa lækkað.

Af þeim sem leigja sögðu 82,1% húsnæðiskostnað hafa hækkað, 17% sögðu hann hafa hvorki hækkað né lækkað og aðeins einn sagði hann hafa lækkað. Alls sögðust samtals 483 leigjendur og húseigendur húsnæðiskostnað hafa hækkað á síðustu 12

mánuðum. Af þeim svöruðu 407 til um hve mikið húsnæðiskostnaður þeirra hefur hækkað á mánuði. Yfirlit yfir hækkingun má sjá hér:




Meðaltal hækkingar á húsnæðiskostnaði á mánuði hjá þeim sem eru í eigin húsnæði er 48.376 kr. og 31.470 kr. hjá þeim sem eru á leigumarkaði.



## SÍ- OG ENDURMENNTUN

Þau sem svöruðu fyrri spurningu um að vera á vinnu- markaði játandi voru spurð hvort þau teldu starf sitt eiga eftir að taka miklum eða litlum breytingum vegna tækniþróunar á næstu fimm árum. 43,3% svarenda telja starf sitt eiga eftir að taka miklum breytingum, 26,3% telja það eiga eftir að taka litlum breytingum og 30,4% svöruðu hvorki né.



Kökuritið sýnir hvort svarendur telji starf sitt eiga eftir að taka litlum, miklum eða engum breytingum á næstu fimm árum.

Í framhaldi var spurt um þörf svarenda fyrir viðbótarmenntun eða aðra fræðslu til að styrkja sig í núverandi starfi. 40,1% hefur mikla þörf, 27% litla eða enga þörf og 32,9% hvorki né.

Einnig var spurt hvað kemur helst í veg fyrir að svarendur sækja sér sí- og endurmenntun, fræðslu eða þjálfun. Um fjölval var að ræða og því mátti nefna fleiri en eina ástæðu, hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu, sem voru 503. 50% svarenda sögðu tímaskort eða vinnuálag ástæðuna,

20% sögðu það of dýrt, 20% sjá ekki ávinning af því, 17,5% telja námskeið eða fræðslu sem er í boði ekki henta starfinu, 11,7% segja námskeið eða fræðslu ekki henta miðað við vinnutíma, 11,5% hafa ekki aðstöðu til þess á vinnustað/vinnutíma, 19,1% hefur ekki þörf fyrir menntun og 4,2% sjá ekki tilgang með því að sækja sér sí- eða endurmenntun, fræðslu eða þjálfun.

## AUGLÝSINGAR


Spurt var um sýnileika félagsins. 7,9% höfðu séð auglýsingu frá félaginu oft á undanförunum þremur mánuðum, 34,7% stundum, 37,4% sjaldan og 20% aldrei. Í fjölvalsspurningu svöruðu þau sem höfðu séð auglýsingar frá félaginu flest hafa séð þær í Dagskránni eða 56,8%, 39% í félgsblaði FVSA, 38,6% á Facebook, 36,4% fengu fjölpóst á netfang og 14,3% á vefmiðlinum www.akureyri.net.

Í fjölvalsspurningu var spurt hvernig viðkomandi myndi helst vilja fá upplýsingar frá félaginu. Þar svöruðu flest, eða 81,4%, með tölvupósti frá félaginu, 42% á heimasíðu félagsins, 31,6% á facebook eða instagram síðu félagsins, 19,9% í félgsblaði FVSA og 12,6% í staðarfjölmiðlum. Aðrir svarmöguleikar fengu minna en 10% svörun.


## LEIKSKÓLAGJÖLD

Á þjónustuvæði FVSA hafa verið gerðar gjaldskrárbreytingar í leikskólum einhverra sveitarfélaga. Með gjaldskrárbreytingunni lækkar kostnaður þeirra sem stytta vistunartíma barna sinna verulega, en aukin kostnaður fellur á þau sem nýta svokallaða skráningardaga og/eða fullan vistunartíma.


Af þeim sem svöruðu könnuninni svöruðu 68 já við því að vera með barn/börn á leikskóla. 88,7% þeirra



Svarendur á vinnu- markaði voru spurð hvort þau hefðu haft mikil eða lítil tækifæri til þess að sækja sér fræðslu og/eða þjálfun í starfi á síðustu 12 mánuðum. Alls eru 34,8% sem segjast hafa lítil tækifæri.



Ánægja með gjaldskrárbreytingar eftir vistunartíma barns/barna



Til vinstri er graf sem sýnir hversu ánægt eða óánægt félagsfólk með börn á leikskóla er með gjaldskrárbreytingar þar sem það á við. Til hægri má sjá dreyfingu á niðurstöðum eftir lengd á vistunartíma barna.

sögðu já við því að gjaldskrárbreytingar hefðu verið gerðar á leikskólanum. Rétt tæplega helmingur, eða 46,3%, sögðust óánægð með gjaldskrárbreytinguna, 18,5% eru ánægð og 35,2% hvorki né.

Mest óánægja er meðal þeirra sem eru með dvalartíma í 8-8,5 klst., en 61,1% þeirra eru óánægð, 30,6% hvorki né og 8,3% eru ánægð. Af þeim sem eru með dvalartíma í 6,5-7,5 klst. eru 18,2% óánægð, 45,5% ánægð og 36,4% hvorki né. Af þeim sem eru með dvalartíma í 5,5-6 klst. eru 33,3% ánægð, 66,7% hvorki né en ekki mælanleg óánægja.

Í framhaldi var kannað hvort að kostnaður við leikskólajöld hefði hækkað eða lækkað vegna gjaldskrárbreytinganna. 30,2% sögðu kostnað hafa hækkað verulega, 35,8% sögðu hann hafa hækkað lítillega, 5,7% sögðu hann hvorki hafa hækkað né lækkað, 18,9% sögðu hann hafa lækkað lítillega og 9,4% sögðu hann hafa lækkað verulega.

Ef horft er á niðurstöður um kostnað við leikskólajöld sést að kostnaður hækkar mest hjá þeim sem eru með 650.00 kr. í mánaðarlaun eða lægra, en 44% þeirra sem eru í því tekjuþrepi segja kostnað hafa hækkað verulega.

Einnig var spurt hvort gjaldskrárbreytingar hefðu haft áhrif á hver myndi sækja barnið/börnin á leikskólann. Í svörum kemur fram að 31% kvenna sækja börnin sín alltaf eða oft, en aðeins 14% karlar sækja börnin sín alltaf eða oft. Heilt yfir segjast 46% karla sækja börn eða barn á leikskóla á móti 63% kvenna.

## SAMANTEKT

Það er félaginu mikilvægt að veita góða þjónustu og vera í góðum tengslum við sitt félagsfólk. Því er ánægjulegt að sjá hve mikil ánægja mælist meðal félagsfólks í könnuninni. Af þeim þjónustukönnunum sem Gallup hefur gert meðal stéttarféлага frá árinu 2019 skorar FVSA hæst með gildið 4,4 (var 4,3 í síðustu könnun), en meðaltal allra stéttarféлага er 3,9.

Það er áhyggjuefni hve hátt hlutfall félagsfólks hefur miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, eða 25,1% svarenda. Þá hafa 9,4% átt í erfðileikum með að standa skil á afborgunum af einhverjum af lánnum sínum og 16,3% hafa alltaf eða oft á erfitt með að ná endum saman sl. 6 mánuði. Fjárhagsástæður hafa einnig mælanleg neikvæð áhrif á lífsgæði og heilsu hluta félagsfólks, sem er miður.

Mánaðarlegur húsnæðiskostnaður hefur að hækkað umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir, eða að meðaltali um 39.923 kr. Af þeim sem eru með húsnæðislán hafa 15,5% endurfjármagnað lán sín á sl. 12 mánuðum, þar af hafa 67,3% farið yfir í verðtryggð lán.

Gjaldskrárbreytingar í leikskólum virðast hafa töluverð áhrif á útgjöld og tíma þeirra sem eru með börn á leikskóla og áhugavert að sjá hve mikil óánægja mælist með þessa breytingu.

Ítarlegri niðurstöður úr könnuninni má finna í heildinni á vef félagsins [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is).

# ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL

## ORLOFSHÚS

Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík og er ein af þeim leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum, hús í Vaglaskógi og á Húsafelli.

Sumarið 2024 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarsstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Að auki gafst félagsfólki kostur á að dvelja í orlofshúsi á Alicante, Spáni, sem félagið var með í framleigu.

## ÚTLEIGA

Alls voru orlofsíbúðir og -sumarhús leigð út 801 sinni á árinu 2024, en 789 sinnum á árinu 2023. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 567 sinnum á árinu, bústaðir á Illugastöðum, Gráhrauni og í Skógarseli voru leigðir út 197 sinnum og leigubústaðir 37 sinnum.

## GRÁHRAUN Á HÚSAFELLI

Hús félagsins við Gráhraun á Húsafelli var tekið í notkun sumarið 2023. Húsið er hið fyrsta á vegum félagsins þar sem heimilt er að hafa gæludýr. Engar athugasemdir eða kvartanir hafa borist vegna fyrirkomulagsins sem er virkilega ánægjulegt.

## ORLOFSHÚS Á SPÁNI

Mikil ánægja reyndist vera með orlofskostinn á Spáni og því var tekin var ákvörðun um að bjóða upp á nýtt leigutímabil; jól og áramót 2024 og svo valin tímabil fram á haust 2025. Opnað var fyrir bókanir á vef félagsins í lok ágúst og gildi þá fyrstur kemur fyrstur fær.

## ÍBÚÐIR Í MÁNATÚNI - REYKJAVÍK


Íbúðir félagsins í Mánatúni í Reykjavík njóta jafnra vinsælda allt árið um kring. Farið var í hefðbundið viðhald á íbúðunum í september, skipt út dýnum, rúmum og sængum eftir þörfum, húsbúnaði og öðrum smálegum innanstokksmunum.

## ILLUGASTAÐIR 2 OG 12

Árið 2023 var tekin ákvörðun um að gera upp hús nr. 2 og 12 á Illugastöðum. Húsin voru endurbyggð um aldamótin, orðin 24 ára, og kominn tími á að endurnýja innviði og aðbúnað. Framkvæmdir hófust fyrir jól 2023 og lauk rétt fyrir páska 2024. Fyrstu gestir dvöldu í húsunum í dimbilvikunni.

Helstu breytingar fólu í sér breytt skipulag, stækkun á baðherbergi, eldhúsið var fært í annað rými og stækkað, panell á veggjum og lofti heilmálaður í ljósum lit.

Fjöldi leiga eftir árum





## BJARTARI OG AÐGENGILEGRI RÝMI

Með því að færa eldhúsið njóta gluggar hússins sín betur og varpa inn kærkominni birtu í rými þar sem gestir sinna matseld og sitja til borðs. Í nýju eldhúsinnréttingunni er auk þess margfallt meira bekk- og skápláss auk uppþvottavélar.

Sjónvarpsaðstaðan var færð nær svefnherbergjunum og eldhúsbordið nær svalahurðinni. Með breytingunni flæðir útiaðstaðan á pallinum betur við eldhúsið og borðkrókinn þar sem styttra er að færa veitingar á milli.

Niðurstaðan er notalegt og bjart alrými með góðu flæði, rúmgóðu baðherbergi og eldhús sem mætir kröfum nútímans. Vel hefur tekist til með breytingunum, sem gerir dvöl gesta vonandi enn ánægjulegri.



## ORLOFSMÁL

### ORLOFSMIÐAR

Félagsfólk á kost á því að kaupa niðurgreidda orlofsmiða, fjóra á hverju almanaksári, og hefur val um gjafabréf hjá Íslandshótelum eða inneignarbréf hjá Icelandair.

Samtals námu niðurgreiðslur á inneignarbréfum frá Icelandair 1.232.700 kr. Niðurgreiðsla á hóteltgjafabréfum var 222.000 kr.

### ORLOFSSTYRKIR

Á árinu var úthlutað 120 orlofsstyrkjum, af þeim sem fengu úthlutað nýttu 85 félagsmenn sér styrkinn. Styrkurinn árið 2024 var 27.000 kr. Í heildina greiddi félagið orlofsstyrki til félagsmanna fyrir 2.291.459 kr.



Mikil ánægja er með breytingarnar á húsum 2 og 12 á Illugastöðum.

# SJÚKRASJÓÐUR

Verkefni sjóðsins er að veita félagsfólki FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

## SJÚKRADAGPENINGAR

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2024 voru 67.538.887 kr., sem er lítilleg hækkun frá árinu áður um 2.780.122 kr. Í heildina voru sjúkradagpeningar greiddir í 186 mánuði til 65 einstaklinga, þar af voru 53 konur og 12 karlar.

## STYRKIR ÚR SJÚKRASJÓÐI

Alls voru greiddir 1.653 styrkir til 870 félaga úr Sjúkrasjóði árið 2024, samtals að upphæð 35.334.874 kr. Sem er aukning um 452.037 kr. á milli ára.

Um áramót samþykkti stjórn Sjúkrasjóðs eftirfarandi breytingar á styrkjum úr sjóðnum:

### LÍKAMSRÆKT

Styrkur vegna líkamsræktar er 50% af reikning og hækkaði um 3.000 kr. á þrepi 1 og 2.

### GLERAUGU

Styrkur vegna kaupa á sjónglæraugum eða á linsum er 35% af reikning á þriggja ára fresti. Styrkur vegna glæraugna hækkaði um 13.000 kr. á þrepi 2.

### HEYRNATÆKI

Styrkur vegna kaupa á heyrnatækjum er 35% af reikning á þriggja ára fresti. Styrkur vegna heyrnatækja hækkaði um 13.000 kr. á þrepi 2.

Yfirlit yfir breytingar á styrkuppþæðum úr Sjúkrasjóði sem tóku gildi um áramót:

	Prep 1			Prep 2		
	2024	Hækkun	2025	2024	Hækkun	2025
Líkamsrækt	32.000 kr.	3.000 kr.	35.000 kr.	20.000 kr.	3.000 kr.	23.000 kr.
Gleraugu	60.000 kr.		60.000 kr.	12.000 kr.	13.000 kr.	25.000 kr.
Heyrnatæki	70.000 kr.		70.000 kr.	12.000 kr.	13.000 kr.	25.000 kr.

Yfirlit yfir greiðslur úr Sjúkrasjóði. Frá áramótum gat félagsfólk sótt um styrk fyrir dvöl á Heilsustofnuninni í Hveragerði. Þá var tekin ákvörðun um að frá áramótum myndi hnykk vera aðskilið frá sjúkranuddi, og að sjúkráþjálfun og sjúkranudd félli undir sama styrk.

## Greiðslur úr Sjúkrasjóði - samanburður milli árána 2024 og 2023

	2024	2023	Mismunur
Dánarbætur	0 kr.	3.042.000 kr.	- 3.042.000 kr.
Gleraugu	4.502.883 kr.	3.757.155 kr.	745.728 kr.
Krabbameinsleit	428.829 kr.	510.714 kr.	-81.885 kr.
Heyrnartæki	654.000 kr.	490.000 kr.	164.000 kr.
Laseraðgerðir/augasteinaskipti	103.000 kr.	711.548 kr.	- 608.548 kr.
Líkamsrækt	15.341.996 kr.	14.586.654 kr.	755.342 kr.
Nudd utan TR	388.026 kr.	420.428 kr.	32.402 kr.
Sálfræðiþjónusta	3.384.421 kr.	2.242.464 kr.	1.141.957 kr.
Glása-/tæknifrjógungun	140.000 kr.	215.500 kr.	- 75.500 kr.
Sjúkranudd/hnykk	-	1.485.731 kr.	- 1.485.731 kr.
Sjúkráþjálfun	-	7.290.643 kr.	- 7.290.643 kr.
Sjúkráþjálfun og sjúkranudd	8.675.507 kr.	-	8.675.507 kr.
Hnykk	1.211.212 kr.	-	1.211.212 kr.
Heilsustofnun Hveragerði	480.000 kr.	-	480.000 kr.
Aðrir styrkir	25.000 kr.	130.000 kr.	- 105.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>35.334.874 kr.</b>	<b>34.882.837 kr.</b>	<b>452.037 kr.</b>



# STARFSMENNTASJÓÐUR

Alls fengu 387 félagar FVSA úthlutað starfsmennta-  
styrk árið 2024, samtals að upphæð 39.255.671 kr.  
Um er að ræða fjölgun styrkþega um níu. Alls er  
úthlutað hærri heildarupphæð en árið áður, eða  
sem nemur ríflega 4,9 milljónum, sem má að hluta  
til rekja til hækkunar styrkja milli ára sem tilkynnt  
var um áramótin 2023/2024.

Styrkir úr Starfsmenntasjóði árið 2024	
Annað nám	13.676.476 kr.
Ferðakostnaður	345.372 kr.
Framhaldsnám	2.746.320 kr.
Háskólanám	13.402.977 kr.
Íslenska fyrir útlendinga	1.030.173 kr.
Ráðstefnur	248.182 kr.
Starfstengd sjálfstyrking	2.115.049 kr.
Starfst. símenntunarnámsk.	1.986.815 kr.
Tómstundanám	743.052 kr.
Tungumál	246.324 kr.
Tölvunámskeið	1.609.731 kr.
Vottuð námsleið í símenntun	1.105.200 kr.
<b>Samtals</b>	<b>39.255.671 kr.</b>

## FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ

Eitt af lykilhlutverkum FVSA er að miðla upplýsingum  
og vera í tengslum við félagsfólk. Áhersla er á að  
starfsfólk og þau sem gegna trúnaðarstörfum  
fyrir félagið sækji fræðslu og þekkingu á sviði  
verkalýðsmála eftir því sem færi gefst.

### STARFAMESSA

Fimmtudaginn 29. febrúar var haldin Starfamessa  
í Háskólanum á Akureyri. Þar gafst nemendum í  
grunnskólum á Eyjafjarðarsvæðinu tækifæri til þess  
að kynna sér starfsemi og starfstækifæri innan  
fjölbreyttra fyrirtækja og stofnana. Í þetta sinn  
bauðst framhalds- og háskólanemum að sækja  
viðburðinn. Það eru starfs- og námsráðgjafar í  
grunnskólum Akureyrar sem standa deginum.

FVSA var meðal þeirra sem kynntu starfsemi sína á  
Starfamessunni. Fulltrúar félagsins lögðu áherslu á  
að minna á hlutverk stéttarfélaganna og mikilvægi þess  
að unga fólkið sé vakandi fyrir eigin hag.

Þetta er í annað sinn sem félagið er með kynningu  
á Starfamessu, sem er frábært tækifæri til að vekja  
athygli á hlutverki stéttarfélaganna og starfs-  
möguleikum innan þeirra.

### FRÆÐSLA FYRIR 10. BEKK

Starfsfólk FVSA sinnti fræðslu fyrir 10. bekk í  
grunnskólunum á Akureyri og á Svalbarðströnd fyrir  
og eftir áramót. Í fræðslunni er farið yfir réttindi og  
skyldur á vinnumarkaði. Öllum skólum á þjónustu-  
svæði félagsins býðst að fá fræðslu frá félaginu.

Tilgangur heimsóknanna er að hvetja ungt fólk til  
þess að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur,  
vera vakandi fyrir eigin hag, m.a. með því að þekkja  
megininntak kjarasamninga, launataxta, vinnutíma,  
veikinda- og orlofsrétt. Einnig að kynna þjónustu  
stéttarfélaganna, helstu sjóði og styrki ásamt því að  
hvetja ungmennin til þess að leita til síns félags með  
spurningar.

Jákvæð samlegðaráhrif skólakynninga og Starfa-  
messu komu sterkt í ljós með haustinu, en nemendur  
sem fengu fræðslu í sínum skóla mundu eftir félaginu  
frá því á Starfamessunni, sem var ánægjulegt og  
skilar sér í betri tengslum við ungmennin.



Kynningarbás félagsins á Starfamessu.



# ÖNNUR VERKEFNI

## 1. MAÍ

Verkalýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur í blíðskaparveðri. Fjölmennt var í kröfugöngu sem hófst við Alþýðuhúsið á Akureyri við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar. Að kröfugöngu lokinni tók við hátíðardagskrá í Hofi, en riflega 400 manns fylltu hátíðarsal Hofs, Hamraborg. Veislukaffi var einnig vel sótt í sal stéttarfélaganna í Fjallabyggð.

Elsa Sigmundsdóttir, skrifstofustjóri Einingarlöðu, var fundarstjóri og stýrði dagskránni í Hofi. Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM), flutti ávarp 1.maí-nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð.

Því næst stigu á svið leikarar frá Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri með tvö stórbrotin atriði úr söngleiknum um Gosa og var þeim vel fagnað. Hátíðarræða dagsins var í höndum Finnbjörns A. Hermannssonar, forseta Alþýðusambands Íslands. Ívar Helgason, tónlistamaður, sló svo lokatóninn með hópsöng, en gestir enduðu á að syngja Maistjörnuna.

Að dagskrá lokinni var gestum boðið upp á kaffihressingu, pylsur og safa, auk þess sem börnin gátu fengið andlitsmálningu.



Svipmyndir frá 1. maí.



## LEIKHÚSFERÐ

Þann 16. mars bauð FVSA félagsfólki sem náð hefur lífeyrisaldri í leikhús á uppsetningu Leikfélags Dalvíkurbyggðar á sýningunni *Sex í sama rúmi*.

Fimmtíu og fimm félagsmenn þáðu boð félagsins og söfnuðust saman í rútur við Alþýðuhúsið. Haldið var út á Dalvík í fínasta veðri og tók leikhúsið Ungó vel á móti gestum með stemningu sem hæfði leikverkinu. Að sýningu lokinni var boðið upp á glæsilegar kaffiveitingar á kaffihúsinu Gísli, Eiríkur, Helgi. Vel heppnuð ferð í alla staði.

## FÉLAGSSTARF

Með öruggum skrefum hefur félagslíf innan FVSA verið endurvakið, en það hefur löngum verið stór partur af starfi stéttarféлага. Eldri viðburðir hafa verið endurvaktir og nýjir bæst við.

## FISKIKVÖLD

Eftir áramót var svokallað Fiskikvöld endurtekið frá árinu áður, enda tókst það með eindæmum vel. Þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið var boðið til kvöldverðar og skemmtunar í sal Lions þann 17. janúar og mættu 55 manns. Maður er manns gaman sannaðist þetta kvöld og skemmtu gestir sér vel yfir bingói, pub-quiz-i, uppistandi og góðum mat.



Frá leikhúsförð á Dalvík.



Stefanía Árdís Árnadóttir og Hilda Eichmann stýrðu bingói á Fiskikvöldi félagsins.



Fiskikvöldið var vel sótt.



## GAMAN SAMAN

Í kjölfar starfsdags trúnaðarmanna á Illugastöðum þann 23. maí var þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið boðið upp á stutta skemmtidagskrá.

Byrjað var á því að ganga upp í orlofsbyggðina til þess að skoða nýuppgerð hús félagsins nr. 2 og 12. Einnig var hús nr. 19 skoðað, en mörg voru að koma í orlofsbyggðina í fyrsta sinn.

Því næst tók við grill og pub-quiz. Á heimleiðinni var komið við í húsi félagsins í Vaglaskógi, Skógarseli.



Gaman saman. Uppi til hægri: Verðlaunalið í pup-quiz. Niðri til vinstri: Hús félagsins í orlofsbyggðinni skoðuð.



# MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

## FRÉTTABRÉF OG FJÖLPÓSTUR

Félagið sendir reglulega út fréttabréf á póstlista með fréttum af starfinu og helstu viðburðum sem eru framundan. Að auki er sendur fjölpóstur á þá félagsmenn sem eru með netfang sitt skráð á félagavefnum þegar um stærri viðburði eða sérstakar fréttatilkynningar er að ræða, er varða hag félagsfólks.

Alls voru 1.749 manns á póstlista utan félaga-kerfisins, sem er 123 færri en í fyrra. Árið 2024 voru sendir 13 fjölpóstar á póstlista, sem er aukning frá árinu áður, en upplýsingagjöf vegna kjarasamninga, útleigu íbúðar á Spáni og Gallup könnunar telja þar mest. Að meðaltali opnuðu 55%, eða 962 manns, pósta frá félaginu, af þeim klikkuðu að meðaltali 4,8% á linka.

## SAMFÉLAGSMIÐLAR

Á samfélagsmiðlum eru birtar fréttir af starfi félagsins og verkalýðshreyfingarinnar eftir því sem við á. Aukning á fylgjendum er jöfn milli ára og er hlutfall fylgjenda og fjölda félagsfólks sambærilegt og hjá öðrum verkalýðsfélögum<sup>1</sup>.


FYLGIJENDUR Á FACEBOOK					
2019	2020	2021	2022	2023	2024
240	293	357	419	438	484

Árið 2024 heimsóttu 3.017 manns Facebook síðu félagsins og efni frá félaginu náði til 17.530 manns á sama miðli. Töluverð aukning er milli ára eða 43,4% aukning í heimsóknum og 369,7% í drægni efnis. Eins er aukning í viðbörgðum fólks við efni frá félaginu um 143,4%, en árið 2024 brugðust 1.777 manns við efni með einum eða öðrum hætti.

Alls voru keyrðar átta auglýsingaherferðir í gegnum Facebook og Instagram árið 2024. Meðal efnis sem var birt var áminning um félagsfund og kosningu í tengslum við nýja kjarasamninga, mikilvægi þess að semja um laun vegna afleysingar fyrirfram og auglýsingar í tengslum við Gallup könnun félagsins.

### Visits ●


3K ↑ 43.4%



Alls heimsóttu 3.017 manns Facebook síðu félagsins árið 2024, sem er 43,4% aukning frá árinu áður

### Reach ●


17.5K ↑ 369.7%



Alls náði efni frá félaginu til 17.530 manns á Facebook árið 2024, sem er aukning um 369.7% frá árinu áður

### Link clicks ●

1.8K ↑ 143.4%



Alls brugðust 1.777 manns við efni á facebook síðu félagsins árið 2024, sem er aukning um 143,4% frá árinu áður

Sú herferð sem fékk flest klikk var áminning um að semja um laun vegna afleysingar fyrirfram, en alls klikkuðu 391 manns á þá auglýsingu. Því næst kom herferð þar sem félagsfólk var hvatt til þess að skrá rétt netfang inn á félagavefinn, með 252 klikk. Í kjölfarið komu svo aðrar herferðir með tæplega 200 klikk hver.

1 Samkvæmt óformlegri könnun í janúar 2025




Úr facebook-auglýsingaherferð félagsins þar sem félagsfólk var minnt á að semja fyrirfram um laun vegna afleysingar. Með því að klicka á auglýsinguna var fólki vísað inn á síðu með upplýsingum á vef félagsins.

## FÉLAGSBLAÐ

Félagsblað FVSA var gefið út samkvæmt venju í kjölfar aðalfundar í lok febrúar. Blaðinu var dreift til heimila og fyrirtækja samhliða Dagskránni á þjónustusvæði FVSA. Eintök voru einnig aðgengileg í almenningsrýmum og verslunum á þeim svæðum sem dreifingin náði ekki til. Forsíðumyndin að þessu sinni var frá Skógræktinni á Siglufirði.

Síðastliðin ár hefur dreifingarmöguleikum á svæðinu fækkað hægt og rólega. Um liðin áramót var ljóst að ekki yrði unnt að dreifa blaðinu nema með töluverðt auknum kostnaði og því verður blaðið ekki gefið út í kjölfar aðalfundar árið 2025.



Forsíða félagsblaðsins árið 2024.

## AUGLÝSINGAR

Félagið auglýsir hjá prent- og vefmiðlum eftir því sem tilefni er til. Á árinu var mikil áhersla lögð á að kynna vel atkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninga og þátttöku í Gallup könnun félagsins. Hér má sjá brot af auglýsingum ársins.



Vefauglýsing sem birtist á [www.akureyri.net](http://www.akureyri.net) í nóvember



Vefauglýsing sem birtist á [www.akureyri.net](http://www.akureyri.net) í mars



Prentauglýsing sem unnin var í samstarfi við Muninn, nemendablað Menntaskólans á Akureyri í nóvember



## ÖNNUR VERKEFNI

Yfir árið minnir félagið gjarnan á réttindi félagsfólks með fréttum, umfjöllunum eða auglýsingum. Í tengslum við jóla og páska eru t.d. margir frí- og stórhátíðardagar þar sem fólk er minnt á að halda utan um vinnutíma og fara yfir launaseðla. Einnig hefur félagið minnt á orlofs- og desemberuppbót.




Vefauglýsing þar sem félagsfólk er minnt á desemberuppbót. Linkur á auglýsingunni vísaði á fræðslu um réttindi í desember, t.d. greiðslu stórhátíðarkups ofl.

## VEFUR


Vefurinn gegnir veigamiklu hlutverki í miðlun upplýsinga til félagsmanna FVSA. 55% aukning er á umferð um vefinn milli ára, en alls heimsóttu 49.476 manns vefinn árið 2024 á móti 32.003 manns árið 2023. Þá hefur fjöldi heimsóknna aukist um ríflega 54% á milli ára og síðuflettingum fjölgað um ríflega 26%.

Þessa miklu aukning má helst rekja til aukinnar umferðar á vefinn í mars í tengslum við gerð


kjarasamninga. Sá mánuður mælist að auki alla jafna hærrí yfir árið en aðrir í tengslum við orlofsúthlutun. Heildarumferð um vefinn yfir árið má sjá í meðfylgjandi gröfum hér fyrir neðan:



Fjöldi IP-tala sem fer inn á vefinn í hverjum mánuði



Fjöldi einstakra heimsóknna inn á vefinn, á bak við hverja IP-tölu geta verið ein eða fleiri heimsókn.



Fjöldi síðuflettinga í hverjum mánuði, á bak við hverja heimsókn geta verið fleiri en ein síðufletting.

	Fjöldi þeirra sem heimsækja vefinn*	Fjöldi heimsóknna á vefinn**	Síðuflettingar***
<b>2023</b>	32.003	51.698	147.510
<b>2024</b>	49.476	79.844	185.231
<b>Aukning milli ára</b>	<b>55%</b>	<b>54%</b>	<b>26%</b>

\*Fjöldi IP-tala sem hefur farið inn á vefinn á hverju 12 mánaða tímabili.

\*\*Fjöldi einstakra heimsóknna inn á vefinn, á bak við hverja IP tölu geta verið ein eða fleiri heimsókn.

\*\*\*Á bak við hverja heimsókn geta verið fleiri en ein síðufletting.

## ÁRSREIKNINGUR 2024

SKÝRSLA STJÓRNAR.....	33
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	34-35
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA .....	36
YFIRLIT UM REKSTRARAFKOMU OG EFNAHAG.....	37
REKSTRARREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS .....	38
EFNAHAGSREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS.....	39
REKSTRARREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS.....	40
EFNAHAGSREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS .....	41
REKSTRARREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS .....	42
EFNAHAGSREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS.....	43
REKSTRARREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS .....	44
EFNAHAGSREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS.....	44
SAMANDREGINN REKSTRARREIKNINGUR .....	45
SAMANDREGINN EFNAHAGSREIKNINGUR.....	46
SJÓÐSTREYMI .....	47
SKÝRINGAR OG SUNDURLIÐANIR.....	48

## Skýrsla stjórnar

---

### Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

### Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.418 talsins, þar af voru 419 ekki gjaldskyldir. Konur eru 60% af félagsmönnum.

Laun formanns félagsins námu 14,1 mkr. á árinu 2024 og laun stjórnar 2,6 mkr.

### Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 36 mkr. og eigið fé í árslok nam 828 mkr.

### Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Akureyri, 17. febrúar 2025

### Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

2025.02.17  
Elin M.  
Hildur Þ. Þomsdóttir  
~~Agnes Reykadal~~  
Agnes Reykadal



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Óhæði

Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.


#### Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 24. febrúar 2025

**Enor ehf.**

**Hafnarstræti 53, 600 Akureyri**



Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

---

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Félags verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri og nágrenni reikningsárið 2024.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri, 17. febrúar 2025

  
Einar Hjartarson

  
Sirrý Laxdal Jóhannesdóttir



## Yfirlit um rekstrarafkomu 2024

	2024	2023
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) ársins</b>		
Félagssjóður .....	40.920.610	33.384.232
Sjúkrasjóður .....	( 1.936.499)	( 4.990.877)
Orlofssjóður .....	( 25.223.443)	( 22.810.653)
Vinnudeilusjóður .....	3.000.000	3.000.000
	<u>16.760.668</u>	<u>8.582.702</u>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		
Félagssjóður .....	1.659.685	1.635.677
Sjúkrasjóður .....	8.200.950	5.632.610
Orlofssjóður .....	1.590.598	( 571.709)
Vinnudeilusjóður .....	24.517.449	22.917.930
	<u>35.968.682</u>	<u>29.614.508</u>

## Yfirlit um efnahag 31. desember 2024

	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>		
Félagssjóður .....	732.352.830	699.949.259
Sjúkrasjóður .....	211.179.336	202.978.386
Orlofssjóður .....	248.690.366	227.817.718
Vinnudeilusjóður .....	361.092.501	336.575.052
Kröfur milli sjóða .....	( 717.476.967)	( 669.118.330)
	<u>835.838.066</u>	<u>798.202.085</u>
<b>Eigið fé</b>		
Félagssjóður .....	170.807.590	169.147.905
Sjúkrasjóður .....	211.179.336	202.978.386
Orlofssjóður .....	84.929.631	81.357.814
Vinnudeilusjóður .....	361.092.501	336.575.052
	<u>828.009.057</u>	<u>790.059.156</u>
<b>Skuldir</b>		
Félagssjóður .....	561.545.241	530.801.355
Orlofssjóður .....	163.760.735	146.459.904
Kröfur milli sjóða .....	( 717.476.967)	( 669.118.330)
	<u>7.829.009</u>	<u>8.142.929</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>835.838.066</u>	<u>798.202.085</u>

## Rekstrarreikningur ársins 2024

		2024	2023
	Skýringar		
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld .....		123.858.734	115.482.368
Aðrar tekjur .....	2	37.169.490	34.408.661
		161.028.224	149.891.029
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skattgreiðslur .....	3	21.604.841	19.907.264
Laun og launatengd gjöld .....	4	57.478.200	52.481.583
Annar rekstrarkostnaður .....	5	42.689.882	41.726.366
Tillög og styrkir .....	6	3.670.079	3.720.917
Endurgreiddur útlagður kostnaður .....		( 10.016.806)	( 6.075.510)
Afskriftir .....	11	4.681.418	4.746.177
		120.107.614	116.506.797
<b>Rekstrarhagnaður</b>		40.920.610	33.384.232
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa .....		27.319.165	28.603.564
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 31.580.090)	( 30.352.119)
		( 4.260.925)	( 1.748.555)
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi</b>		36.659.685	31.635.677
<b>Aðrar tekjur (gjöld)</b>			
Framlag í orlofssjóð .....		( 35.000.000)	( 30.000.000)
<b>Hagnaður ársins</b>		1.659.685	1.635.677

Félagssjóður

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
<b>Fastafjármunir</b>			
	11		
Fasteignir .....		171.199.189	175.369.219
Áhöld og innréttingar .....		1.413.931	1.925.319
		172.613.120	177.294.538
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar .....		232.884.101	221.960.435
<b>Fastafjármunir samtals</b>		405.497.221	399.254.973
<b>Veltufjármunir</b>			
Orlofssjóður .....		163.760.735	146.459.904
Útistandandi iðgjöld .....	10	16.529.657	13.215.484
Aðrar skammtímakröfur .....		9.192.508	7.894.369
Handbært fé .....		137.372.709	133.124.529
		326.855.609	300.694.286
<b>Eignir samtals</b>		732.352.830	699.949.259
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
	12		
Hrein eign .....		170.807.590	169.147.905
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vinnudeilusjóður .....		361.092.501	336.575.052
Sjúkrasjóður .....		192.623.731	186.083.374
Aðrar skammtímaskuldir .....		7.829.008	8.142.928
		561.545.240	530.801.354
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		732.352.830	699.949.259



## Rekstrarreikningur ársins 2024

		<u>2024</u>	<u>2023</u>
	Skýringar		
<b>Rekstrartekjur</b>			
lögjöld .....		120.691.055	112.474.463
<b>Rekstrargjöld</b>			
Dagpeningar og styrkir .....	7	102.873.761	99.641.602
Annar rekstrarkostnaður .....	8	3.264.451	2.677.903
Framlag til reksturs skrifstofu .....		16.227.474	14.883.967
Afskriftir .....	11	261.868	261.868
		<u>122.627.554</u>	<u>117.465.340</u>
<b>Rekstrarhagnaðurtap</b>		( 1.936.499)	( 4.990.877)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		10.137.449	10.623.487
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>8.200.950</u></u>	<u><u>5.632.610</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir .....		6.071.446	6.333.314
		<u>6.071.446</u>	<u>6.333.314</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi iðgjöld .....	10	12.484.159	10.561.698
Félagssjóður .....		192.623.731	186.083.374
		<u>205.107.890</u>	<u>196.645.072</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>211.179.336</u>	<u>202.978.386</u>
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		211.179.336	202.978.386
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>211.179.336</u>	<u>202.978.386</u>

## Rekstrarreikningur ársins 2024

		2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>	Skýringar		
lögjöld .....		30.173.422	28.118.979
Leigutekjur orlofshúsa .....		22.866.900	21.744.750
		53.040.322	49.863.729
<b>Rekstrargjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....	9	50.159.486	51.051.935
Framlag til reksturs skrifstofu .....		13.739.856	12.689.418
Afskriftir .....	11	14.364.423	8.933.029
		78.263.765	72.674.382
<b>Rekstrartap</b>		( 25.223.443)	( 22.810.653)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		26.564	47.513
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 8.212.523)	( 7.808.569)
		( 8.185.959)	( 7.761.056)
<b>Tap af reglulegri starfsemi</b>		( 33.409.402)	( 30.571.709)
<b>Aðrar tekjur (gjöld)</b>			
Framlag úr félagssjóði .....		35.000.000	30.000.000
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		1.590.598	( 571.709)



Orlofssjóður

**Efnahagsreikningur 31. desember 2024**

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir .....		224.943.012	207.381.798
Áhöld og innréttingar .....		7.663.922	6.787.032
		<u>232.606.934</u>	<u>214.168.830</u>
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum .....		12.972.439	10.991.220
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>245.579.373</b>	<b>225.160.050</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi iðgjöld .....	10	3.110.993	2.657.668
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>248.690.366</u></b>	<b><u>227.817.718</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	12	84.929.631	81.357.814
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Félagssjóður .....		163.760.735	146.459.904
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>248.690.366</u></b>	<b><u>227.817.718</u></b>

## Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tillag úr félagssjóði .....		3.000.000	3.000.000
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		21.517.449	19.917.930
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>24.517.449</u>	<u>22.917.930</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

		31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Félagssjóður .....		361.092.501	336.575.052
<b>Eignir samtals</b>		<u>361.092.501</u>	<u>336.575.052</u>
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		361.092.501	336.575.052
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>361.092.501</u>	<u>336.575.052</u>

Samandreginn rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur ársins 2024

		2024	2023
	Skýringar		
<b>Rekstrartekjur</b>			
lögjöld .....		274.723.211	256.075.810
Húsaleiga .....		22.866.900	21.744.750
Aðrar tekjur .....		1.659.847	1.573.300
		<u>299.249.958</u>	<u>279.393.860</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		57.478.200	52.481.583
Dagpen., orlofsstyrkir ofl.v/félagsm. ....		106.624.520	106.332.802
Rekstur og viðhald fasteigna .....		42.247.114	38.998.925
Annar kostnaður .....		66.848.553	65.132.284
Endurgreiddur útlagður kostnaður .....		( 10.016.806)	( 6.075.510)
Afskriftir .....	11	19.307.709	13.941.074
		<u>282.489.290</u>	<u>270.811.158</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		16.760.668	8.582.702
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa .....		19.208.014	21.031.806
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>35.968.682</u>	<u>29.614.508</u>



Samandreginn efnahagsreikningur

**Efnahagsreikningur 31. desember 2024**

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir .....		402.213.647	389.084.331
Innréttingar og búnaður .....		9.077.853	8.712.351
		<u>411.291.500</u>	<u>397.796.682</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar .....		232.884.101	221.960.435
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum .....		12.972.439	10.991.220
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>657.148.040</b>	<b>630.748.337</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Ýmsar skammtímakröfur .....		9.192.508	7.894.369
Útistandandi iðgjöld .....	10	32.124.809	26.434.850
Handbært fé .....		137.372.708	133.124.528
		<u>178.690.025</u>	<u>167.453.747</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b>835.838.065</b>	<b>798.202.084</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	12	828.009.057	790.059.156
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		7.829.008	8.142.928
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>835.838.065</b>	<b>798.202.084</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

## Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		35.968.682	29.614.508
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri:			
Afskriftir .....	11	19.307.709	13.941.074
		55.276.391	43.555.582
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:			
Skammtímakröfur .....		( 6.988.098)	( 2.743.399)
Skammtímaskuldir .....		( 313.920)	( 2.759.971)
		( 7.302.018)	( 5.503.370)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		47.974.373	38.052.213
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Breyting bundinna bankainnistæðna og fjárvörslu .....		( 10.923.666)	( 13.596.592)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	( 32.802.527)	( 44.905.369)
		( 43.726.193)	( 58.501.961)
<b>Hækkun(lækkun) á handbæru fé</b>		4.248.180	( 20.449.749)
Handbært fé í ársbyrjun .....		133.124.528	153.574.276
<b>Handbært fé í árslok</b>		137.372.708	133.124.528

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1398 um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga félagsins frá árinu 2011. Starfsstöð félagsins er á Akureyri þar sem það rekur þjónustuskrifstofu fyrir félagsmenn.

### 1.1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð til tekna miðað við innsendar skilagreinar.

#### Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innbú .....	20%
Innréttingar og búnaður .....	20%-33,3%
Orlofsíbúðir og fasteign Skipagötu .....	2%
Orlofshús .....	5-10%

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

#### Aðrar eignir

Eignarhluti í orlofsbyggðum er bókfærður sem hlutfall félagsins í eigin fé þeirra í árslok 2024.

#### Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna á grundvelli skilagreina sem félaginu berast frá launagreiðendum og útistandandi iðgjöld færð sem kröfur um áramót.

#### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og bankainnstæðum, sem eru lausar innan þriggja mánaða.



## Skýringar

	2024	2023
<b>2. Aðrar tekjur í félagssjóði</b>		
Innheimtupóknun frá sjúkrasjóði .....	16.227.474	14.883.967
Innheimtupóknun frá orlofssjóði .....	13.739.856	12.689.418
Innh.þóknun FVSA frá Starfsmenntasj. (skýring 13) .....	1.659.847	1.573.300
Aðrar tekjur .....	5.542.313	5.261.976
	<u>37.169.490</u>	<u>34.408.661</u>
<b>3. Skattgreiðslur í félagssjóði</b>		
Skattur til LÍV og ASÍ .....	12.632.414	11.566.732
Framlag v/ 1. maí .....	578.000	415.888
Mótframlag félagsins í Starfsmenntasj. (skýring 13) .....	8.394.427	7.924.644
	<u>21.604.841</u>	<u>19.907.264</u>
<b>4. Laun og launatengd gjöld í félagssjóði</b>		
Laun starfsmanna .....	46.062.244	42.150.405
Lífeyrissjóðsmótframlag .....	7.363.682	6.644.187
Tryggingagjald .....	4.052.274	3.686.991
	<u>57.478.200</u>	<u>52.481.583</u>
<b>5. Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði</b>		
Rekstur fasteigna:		
Rekstur Skipagötu 14 .....	814.462	860.220
Bílastæðagjald .....	566.238	517.548
	<u>1.380.700</u>	<u>1.377.768</u>
Rekstrarvörur og félagsstarf:		
Hreinlætisvörur og þrif .....	1.003.552	1.027.967
Bensín og bílakostnaður .....	2.106.328	2.336.024
Ráðstefnur, fundarhöld og kjarasamningar .....	14.489.599	15.325.532
Kaffi og starfsmannakostnaður .....	780.140	795.116
Viðhald og rekstur áhaldna og tækja .....	572.788	683.798
	<u>18.952.407</u>	<u>20.268.836</u>

## Skýringar

	2024	2023
Almennur rekstarkostnaður:		
Rekstur tölva, tölvunets, sími og skrifstofukostnaður .....	6.860.471	5.166.459
Auglýsingar .....	1.410.155	1.439.949
Gjafir og gestamóttaka .....	530.279	771.597
Rekstur Siglufjarðarskrifstofu .....	(206.877)	1.648.862
Fréttablað og heimasíða .....	1.214.964	1.272.716
Þjónustugjöld, posaleiga og innheimtukostnaður .....	1.303.974	1.120.036
Kostnaður v/sérfræðiþjónustu .....	3.932.570	4.349.948
Kostnaður þinga .....	3.716.145	1.599.894
Lögfræðikostnaður .....	1.818.418	553.536
Leikhúsferðir og sumarferð .....	306.784	494.270
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld .....	446.852	0
Ýmis kostnaður .....	1.023.040	1.762.894
	<u>22.356.775</u>	<u>20.180.161</u>
Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði samtals	<u>42.689.882</u>	<u>41.726.366</u>
<b>6. Tillög og styrkir í félagssjóði</b>		
Námskeið fyrir félagsmenn .....	(129.921)	(109.083)
Styrkir og styrktarlínur til félagasamtaka .....	800.000	830.000
Tillag í vinnudeilusjóð .....	3.000.000	3.000.000
	<u>3.670.079</u>	<u>3.720.917</u>
<b>7. Dagpeningar og styrkir sjúkrasjóðs</b>		
Sjúkradagpeningar .....	67.538.887	64.758.765
Dánarbætur .....	0	3.042.000
Sjúkrþjálfun og nudd .....	10.156.787	9.196.802
Niðurgreiðsla á líkamsrækt .....	15.033.082	14.586.654
Leitarstöð .....	737.743	510.714
Styrkir til félagsmanna .....	9.407.262	7.546.667
	<u>102.873.761</u>	<u>99.641.602</u>

## Skýringar

	2024	2023
<b>8. Annar rekstrarkostnaður í sjúkrasjóði</b>		
Viðhald og rekstur Skipagata 14 .....	374.805	379.911
Kostnaður sjúkrasjóðsfunda .....	613.050	544.000
Sjúkraíbúð .....	1.839.938	1.753.992
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld .....	436.658	0
	<u>3.264.451</u>	<u>2.677.903</u>
<b>9. Annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði</b>		
Húsgjöld íbúða .....	3.736.339	3.468.288
Viðhald innbús .....	955.407	1.102.996
Fasteignagjöld .....	2.450.961	2.175.039
Orlofsstyrkir og niðurgreiðsla .....	3.750.759	6.691.200
Rekstur og viðhald orlofshúsa og íbúða .....	34.553.960	34.815.839
Leiga orlofshúsa .....	3.090.272	1.421.370
Rafmagn og hiti .....	349.216	331.047
Tengigjöld í orlofsíbúðum .....	1.153.410	1.046.156
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld .....	119.162	0
	<u>50.159.486</u>	<u>51.051.935</u>



## Skýringar

### 10. Útistandandi iðgjöld

Útistandandi iðgjöld greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Útistandandi iðgjöld .....	33.863.011	29.111.678
Niðurfærsla .....	( 1.738.202)	( 2.676.828)
	32.124.809	26.434.850
Skipting á sjóði:		
Félagssjóður .....	16.529.657	13.215.484
Sjúkrasjóður .....	12.484.159	10.561.698
Orlofssjóður .....	3.110.993	2.657.668
	32.124.809	26.434.850

Niðurfærsla útistandandi iðgjalda er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum útistandandi iðgjöldum í efnahagsreikningi.

### 11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Félagssjóður		Sjúkrasjóður		Orlofssjóður		Samtals
	Fasteignir	Áh.og innr.	Fasteignir	Fasteignir	Áh.og innr.		
Heildarv.1/1 ....	208.815.781	14.106.413	13.093.446	351.199.120	19.711.273	606.926.033	
Fjárfesting .....	0	0	0	30.030.648	2.771.879	32.802.527	
Heildarverð .....	208.815.781	14.106.413	13.093.446	381.229.768	22.483.152	639.728.560	
Afskrifað 1/1 ....	33.446.562	12.181.094	6.760.132	143.817.322	12.924.241	209.129.351	
Afskriftir .....	4.170.030	511.388	261.868	12.469.434	1.894.989	19.307.709	
Afskrifað alls.....	37.616.592	12.692.482	7.022.000	156.286.756	14.819.230	228.437.060	
Bókfært verð ...	171.199.189	1.413.931	6.071.446	224.943.012	7.663.922	411.291.500	

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð sundurliðast þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Húseignin Skipagata 14 .....	39.714	85.833	21.450
Orlofshús Illugastöðum .....	57.350	109.300	4.766
Orlofshús Vaglaskógi .....	77.200	107.030	12.502
Orlofshús Húsafelli .....	61.600	65.950	57.748
Íbúðir í Mánatúni .....	575.630	461.580	259.331
Leigulóðin Mánatúni .....	73.310		
	884.804	829.693	355.797

## Skýringar

### 12. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnudeilu- sjóður	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	169.147.905	202.978.386	81.357.814	336.575.052	790.059.156
Endurmat eignarhluta í orlofsbyggðum .....			1.981.219		1.981.219
Afkoma ársins .....	1.659.685	8.200.950	1.590.598	24.517.449	35.968.682
Eigið fé 31/12 .....	170.807.590	211.179.336	84.929.631	361.092.501	828.009.057

### 13. Starfsmenntasjóðir

	2024	2023
Greiðslur frá launagreiðendum .....	33.333.747	31.708.562
Mótframlag FVSA .....	8.394.427	7.924.644
Samtals inngreiðslur .....	41.728.174	39.633.206
Innheimtuþóknun FVSA .....	1.659.847	1.573.300
Upphæð styrkja til félaga FVSA .....	39.255.671	34.322.268







# ÁRSSKÝRSLA 2024

FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI  
Skipagata 14 - 600 Akureyri - fvsa@fvsa.is - s: 455-1050

[www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)